



FÉLAG ELÐRI BORGARA
Á AKUREYRI

Fundargerð 2. stjórnarfundar EBAK 10. maí 2022 kl. 16.00

Mætt voru: Hallgrímur Gíslason, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, Birgir B. Svavarsson, Eva B. Magnúsdóttir, Helga Eymundsdóttir og Margrét Haukdal Marvinsdóttir

Fjarverandi: Elín Antonsdóttir.

(Vegna fjarveru Elínar Antonsdóttur ritar Sigurður Harðarson þessa fundargerð.)

1. **Formaður setti fundinn**
2. **Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 15. Apríl 2022**, hafði verið send stjórnarfólki til samþykktar. Smávægilegar lagfæringar höfðu verið gerðar á orðalagi og hún samþykkt.
3. **Viðvera í Birtu og Sölk.** Athugasemdum og ábendingum, sem komið höfðu fram í síðustu viðverutímum hafði þegar verið komið áleiðis til hlutaðeigandi og síðan skipað í næstu, þannig: **11. maí (Birta)**...Hallgrímur, **18. maí (Birta)** ..Eva/Margrét, **25. maí (Birta)** .. Birgir
4. **Næsti stjórnarfundur** var ákveðinn þriðjudaginn 31. maí n.k. kl. 16:00
5. **Starfsemin**

a) Bugðusíða: Framkvæmdaráð fundaði með Höllu Birgisdóttur, forstöðukonu tólmstundamála. Ræddur var hugmyndabanki um breytingar/nýjungar í félagsmiðstöðvunum. Ekki var talin ástæða til að endurvekja notendaráð. Einnig var farið yfir nokkur atriði í aðgerðaáætlun fyrir eldra fólk eins og safnadag, betra upplýsingaflæði og matarverð. Rætt var hvort skipta þurfi um lásacylendra í Birtu.

Sumaropnun. Talsvert var rætt um sumaropnunina, sem í júní, júlí og ágúst verður aðeins frá 09 til 13. virka daga. Ljóst er að einhverjir fastagestir þurfa að hliðra til. Formaður ætlar að fara betur yfir það með Höllu Birgisdóttur, sem ætlar að eiga fasta viðveru í Birtu alla miðvikudaga.

Leiga í Bugðusíðu. Allmikil umræða varð um þennan lið og skoðanir skiptar. Niðurstaðan varð sú að athugað skyldi hvort einhver aðili fengist til að sjá um útleigu salarins, gegn gjaldi sem þá mundi hækka leiguverðið samsvarandi. Auglýsingar verða settar á vefsíðu og fésbókarsíðu EBAK, þar sem óskað er eftir áhugasömum. Umræðunni annars frestað til næsta stjórnarfundar. Samþykkt var að stjórnarmenn skiptu næstu leiguumsjón með sér þannig: **14.maí.** Sigurður Harðar, **21.maí** .. Torfhildur, **28.maí** .. Eva/Margrét, **29.maí** .. Sigurður H. , **4.júní** . Helga Eymunds, **5.júní** .. Helga Eymunds.

b) Landsfundur LEB:

Stjórnarfólk var almennt sammála um að Landsfundurinn hefði verið góður en fundargögn og ályktanir hefðu þurft að berast fyrir til kynningar í stað þess að vera dreift fyrst á aðalfundinum.

c) Fundir með framboðum: Búið er að halda fundi með öllum framboðum til bæjarstjórnarkosningar á Akureyri vorið 2022. Einn til sjö komu frá hverju framboði eða samtals 30 einstaklingar. Fundirnir hafa í heild verið góðir og málefnalegir og þeirra jafnvel farið að sjást merki í áherslum framboðanna.

6. **Félagsgjöld.** Til að tefja ekki frekar innheimtu félagsgjalda ákvað framkvæmdaráð að nota gamla innheimtukerfið nú í ár því ABLER kerfið virðist tæpast tilbúið og félagar farnir að ýta á eftir því að fá að greiða. Þar blandast líka inn opnun á afsláttarappinu 1819torgið, sem verður ekki aðgengilegt fyrr en eftir greiðslu árgjalds.
7. **Afsláttarapp:** Sjá lið 6 hér að ofan. Mest umræða fór í hvernig staðið skyldi að dreifingu ársrits LEB. Niðurstaðan sú að auglýsa skuli á vefsíðum EBAK og í Dagskránni, afhendingu blaðsins í Birtu og Sölku, ákveðna daga en síðan taka ákvörðun um þau eintök, sem ekki gengju út, hvernig yrði staðið að útburði þeirra.
Afhent verður þannig:
Í Birtu fimmtudaginn 19.maí kl. 12:30 til 19:30 (Eva og Margrét)
Í Birtu föstudaginn 20. maí kl. 12:30 til 15:30 (Helga)
Í Sölku mánudaginn 23.maí kl. 12:30 til 15:30 (Hallgrímur/Sigurður)
Jafnframt blaðinu verður afsláttarbókin afhent þeim, sem þess óska
8. **Greiðslur-Bókhald.** Formaður sagði frekar frá fundi hans og varaformanns með Þórði bókkara EBAK. Eftir viðræður við gjaldkera hefur verið ákveðið að breyta ekki bókhaldsumhverfi EBAK þetta árið en nota það til frekari skoðunar. Sú ákvörðun er líka vegna væntanlegar uppsetningar ABLER félagakerfisins og hvernig það mun tengjast bókhaldi EBAK
9. **Fundir með forráðamönnum og gjaldkerum nefnda.**
Formaður og gjaldkeri eru að funda með nefndum í sambandi við bókhald þeirra. Unnið var með það að leiðarljósi að koma uppgjöri nefndanna í eins eðlilegt horf og kostur væri og einfalda það.

11. Önnur mál.

a) Tekið var aftur fyrir styrkbeiðni frá Kór eldri borgara vegna betri upplýsinga, sem höfðu borist, bæði um umfang söngferðar og einnig var nú tilgreind upphæð kr. 640 þús. Stjórn EBAK samþykkir styrk að upphæð kr. 300.000,- til Kórs eldri borgara vegna tilgreindrar söngferðar enda komi á móti framlag kórsins í formi söngs á afmælishátíð EBAK haustið 2022 og í félagsmiðstöðvunum, samtals þrisvar til fimm sinnum. Ekki verður um frekari styrk til kórsins að ræða á starfsárinu.

b) Undirritanir Undirrituð voru hefðbundin skjöl til firmaskrár vegna breytinga á stjórn, sem og samþykktir og fundargerð aðalfundar EBAK þ. 29.mars 2022

Fleira var ekki gert og fundi slitið um kl. 18:10 Sigurður Harðarson